



Borgarráð

Halla Daníelsdóttir RE770 - höfnun forkaupsréttar

Óskað er eftir að borgarráð hafni að þessu sinni að nýta forkaupsrétt sinn í fiskiskipið Höllu Daníelsdóttur RE770 skv. kauptilboði, söluyfirlit, dags. 26. janúar 2022.

Greinargerð:

Skipið selst án allra veiðiheimilda hverju nafni sem þær nefnast. Skipið er án aflahlutdeildar. Grásleppuleyfi sem er á skipi fylgir ekki og verður áfram eign seljanda. Aflamark sem er á skipti fylgir ekki og verður áfram eign seljanda.

Samkvæmt 3. mgr. 12. gr. laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða á sveitarstjórn forkaupsrétt á fiskiskipum sem hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni. Lagt er til að borgarráð hafni að nýta að þessu sinni lögbundinn forkaupsrétt sinn í fiskiskipið Höllu Daníelsdóttur RE770.

Ívar Örn Ívarsson
Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Hjálagt: Yfirlýsing um að nýta ekki forkaupsrétt á skipi, ódagsett.



Yfirlýsing um að nýta ekki forkaupsrétt á skipi

Úr lögum um stjórn fiskveiða nr. 116/2006, 12. grein, 3. mgr: Eigi að selja fiskiskip, sem leyfi hefur til veiða í atvinnuskyni, til útgerðar sem heimilisfesti hefur í öðru sveitarfélagi en seljandi á sveitarstjórn í sveitarfélagi seljanda forkaupsrétt að skipinu. Forkaupsréttur skal boðinn skriflega þeirri sveitarstjórn sem hlut á að máli og söluverð og aðrir skilmálar tilgreindir á tæmandi hátt. Í 5. mgr. sömu greinar kemur einnig fram: Ákvæði þessarar greinar um forkaupsrétt gilda ekki við sölu opinna báta.

Fyrir liggur kauptilboð í neðangreint skip. Þar sem um þílskip (dekkad skip) er að ræða og verið er að selja skip milli sveitarfélaga á neðangreint sveitarfélag forkaupsrétt á skipinu:

Nafn skips og umd.nr. | Nr.skips | Heimahöfn | Þyngd | Lengd

Halla Daníelsdóttir RE770 | 2728 | Reykjavík | 12,36 br.tonn | 11,11 met.

Notkunartegund | Smíðastöð | Smíðaár | Efni skips

Fiskiskip | Siglufjarðar Seigur | 2006 | Trefjaplast

Eigandi skips	Kennitala eiganda	Heimilisfang	Staður	Eignarhlutfall
---------------	-------------------	--------------	--------	----------------

Fiskkaup ehf	620983-0209	Fiskislóð 34	101 Reykjavík	100,0 %
--------------	-------------	--------------	---------------	---------

Kaupandi	Kennitala	Heimili	Staður	Eignarhlutfall
----------	-----------	---------	--------	----------------

Ragnar Jóhannsson	200669-3479	Miðási 4	675 Raufarhöfn	100,0 %
-------------------	-------------	----------	----------------	---------

Kauptilboð í skip	Sölyufirlit dags.	Áætl.afhending dags.	Áætl.kaupsamn.dags.
21.000.000	26.1.2022	Við kaupsamn.	15.2.2022

Aflaheimildir:

Skipið selst án allra veiðiheimilda hverju nafni sem þær nefnast. Skipið er án aflahlutdeildar. Grásleppuleyfi sem er á skipi fylgir ekki og verður áfram eign seljanda. Aflamark sem er á skipi fylgir ekki og verður áfram eign seljanda.

Aðrir skilmálar kauptilboðs:

Kaupverð er greitt með peningum við kaupsamning og afhendingu. Aðilar hafa gert með sér samkomulag skv.ofangreindu og gert ráð fyrir að ganga frá kaupsamningi og afsali innan 2ja vikna.

Neðangreindri sveitarstjórn er hér með boðinn forkaupsréttur á skipinu. Sé það vilji sveitastjórnar að nýta sér þann rétt sinn er óskað eftir því að neðangreindur skipasali sé láttinn vita sem fyrst í síma 562 2551 eða á tölvupóstfang gudjon@bataroggubunadur.is. Að öðrum kosti er óskað eftir því að sveitarstjórn áriti sem fyrst þetta skjal um að það nýti sér ekki forkaupsrétt sinn á skipinu, og sendi rafrænt á sama tölvupóstfang og frumrit á: Pósthólf 9017, 109 Reykjavík.

Neðangreind sveitarstjórn, og jafnframt forkaupsréttarhafi á ofangreindu skipi, afsalar sér hér með forkaupsrétti á skipinu.

Staður og dagsetning,

Vottar að réttri dagsetningu, undirskrift og fjárræði,

Nafn	Kennitala
------	-----------

F.h. Sveitastjórnar,
Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhúsi
Reykjavíkur, 101 Reykjavíkurborg

Nafn	Kennitala
------	-----------